

GJALDSKRÁ VATNSVEITU RANGÁRÞINGS EYSTRÁ 2023

1. gr.

Vatnsgjald er 0,18% af fasteignamati húsa, sem tengst geta vatnsveitu.

2. gr.

Lámarks heimæðargjald (jafnaðargjald) vatnsveitu í þéttbýli (Hvolsvöllur og Skógar) er kr. 268.607,- m.v. 32 mm þvermál og allt að 25 metra lengd heimæðar. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

Þvermál rörs	Lámargsgjald kr.	Verð pr. m umfram 25 m. kr.
32mm	268.607	4.179
40mm	295.740	4.515
50mm	322.872	4.850
63mm	363.461	5.306
75mm	417.616	5.643
90mm	457.121	6.208

3. gr.

Stofngjald í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilfelli fyrir sig og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna tengingar við stofnkerfi vatnsveitunnar. Að auki skal hvert lögbýli, sumarbústaður, landspildur/beitarhólf eða hvert annað mannvirki sem óskar tengingar við vatnsveitu, greiða tengigjald kr. 169.304,- per. inntak. Fyrir vatnslögn í landspildu/beitarhólf skal auk útlagðs kostnaðar, greiða kr. 28.217,- á hverja tengingu.

4. gr.

Vatnsgjald í landspildum/beitarhólfum, þar sem ekki er flot-eða skriðlokabúnaður skal vera kr. 68.264,- fyrir hvern aftöppunarstað. Þar sem brynning er með flot-eða skriðlokubúnaði viðurkenndum af starfsmönnum skal vatnsgjald vera kr. 22.755,- á hvern aftöppunarstað.

5. gr.

Sírennsli er með öllu óheimilt. Ítrekuð brot á þessari grein geta varðað lokun vatnsæðar þar til að viðeigandi úrbætur hafi farið fram.

6. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal auk vatnsgjalds, greiða sérstakt notkunargjald kr. 33 pr.m³ samkvæmt rennslimæli sem vatnsveitan á og rekur.

Fyrir rennslismæla skal greidd árleg mælaleiga eftir stærð mælis sem hér segir:

32mm	14.673 kr.
40mm	16.930 kr.
50mm	22.573 kr.
63mm	42.890 kr.
75mm	59.820 kr.
90mm	84.650 kr.

7. gr.

Aukavatnsgjald fyrir stórnotendur þar til settur hefur verið upp mælir er kr. 1.100.000,-

8. gr.

Tímagjald starfsmanna Rangárþings eystra er kr. 7.337,-



9. gr.

Gjalddagi er tengidagur og eindagi 30 dögum síðar. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun. Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

10. gr.

Heimæðargjöld taka breytingum 1. janúar ár hvert, skv. bygginarvísitölu útgefni af Hagstofu Íslands. Byggingarvísitala í desember 2020; 149,2 stig.

11. gr.

Tenging við vatnsveitu Rangárþings eystra án leyfis er með öllu óheimil.

12. gr.

Gjaldskrá fyrir vatnsveitu er byggð á lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu í Rangárþingi eystra sem samþykkt var í sveitarstjórn 9. desember 2022.



Anton Kári Halldórsson,
sveitarstjóri Rangárþings eystra



Sveitarstjóri Rangárþings eystra

